

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Pálshúsreit við Austurveg á Seyðisfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar sem haldinn var þann 12. desember 2007, var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi á Pálshúsreit, lóðunum nr. 19, 19B og 21 við Austurveg á Seyðisfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggð verði einbýlishús á lóðunum 19 og 19B sem taki mið af útliti og formi þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Á lóðinni nr. 21 er svokallað Pálshús.

Tillaga að deiliskipulagi var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Seyðisfirði, 14. apríl 2008.*

**Sigurður Jónsson** byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2008